

19. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskattsins vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1976 er 15. júní.

Gjaldskrá þessi, er samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Árneshverfis í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Árneshverfis, heimili þess og varnarþing er í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá húsum á félagssvæðinu fyrir köldu vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru forráðamenn eftirtalinnna húsa: Félagshheimilið Árnes, skólastjórabústaðurinn Heiði og Kennarabústaðurinn Tröð.

4. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri vatnsleiðslu greiðist að jöfnu af félagshheimilinu Árnesi og Gnúpverjahreppi, svo og þeim styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

5. gr.

Fleiri notendur má taka í félagið með samþykki löglegs stjórnarfundar.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert, og telst hann lög-mætur, ef 2/3 hluti félagsmanna sækir hann.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir

fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 1 endurskoðandi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Ágreiningi skal skjóta undir dóm félagsfundar. Færa skal gerðarbók stjórnarfundar og félagsfundar.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og sér um viðhald og viðgerðir á vatnsveitunni.

9. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinga verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Árneshverfis, Gnúpverjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

H Ú S A G E R ð A R S A M Þ Y K K T

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

I. KAFLI

Markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði allra búnaðarfélaga í Búnaðarsambandi Vestfjarða, en skiptist í þrjú húsagerðarsambönd, sem hér segir:

- 1) Samþykktarsvæði Austur-Barðastrandarsýslu og búnaðarfélög Snæfjalla-, Nauteyrar-, Reykjafjarðar- og Ógurhreppa í Norður Ísafjarðarsýslu.
- 2) Samþykktarsvæði Vestur-Barðastrandarsýslu.
- 3) Samþykktarsvæði Vestur-Ísafjarðarsýslu og búnaðarfélög Bolungarvíkur, Skutulsfjarðar og Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Hvert húsagerðarsamband setur sér húsagerðarsamþykkt, er Búnaðarsamband Vestfjarða leitar síðan staðfestingar landbúnaðarráðneysisins á.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi